

C Q T F



Mynin er af Haraldi Þórðarsyni TF3HP Formanni ÍRA og Jóhannesi Óla stöðvarstjóra ÍTR þar sem þeir handsala húsnæðissamningi ÍRA við Íþrótt og tólmstundaráð Reykjavíkur. Myndina tók Haraldur Haraldsson.

Í þessu blaði

1. tbl.
21. árg.
Feb. 2003



Frá ritstjóra	2
Frá formanni	3
Fundargerðir stjórnarfundna	4
QRP-hópverkefni	5
Smá /M upplýsingar	6
Það var gaman í den tíð frh.	9
Í jarðsambandi	11
Í þá gömlu góðu	11
Bakþankar um bakþanka	12
14.330 Mhz	13
Úr ýmsum áttum	15
Nýtt húsnæði ÍRA	16



Viðtakandi

ÍRA er landsfélag Íslenskra Radióamatöra. ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radióamatöra I.A.R.U. og I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- Gæta hagsmuna radióamatöra í hvívetna.*
- Efla kynningu og samstarf meðal radióamatöra innanlands og utan.*
- Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radióviðskiptu*
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.*
- Efla amatörradíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.*
- Hvetja til teknilegra og vísindalegra rannsóknna og uppgötvana á sviði radiófjarskipta.*
- Örva radióþróttir meðal radióamatöra.*
- Þróa amatörradíóþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðind.*
- Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradíó meðal ungs fólks.*

Ístjórn ÍRA 2002-2003 eru:

Form: Haraldur Þórðarson TF3HP
Varaform: Sveinbjörn Jónsson TF3VET
Ritari: Vilhjálmur Í Sigurjónsson TF3VS
Gjaldkeri: Ársæll Óskarsson TF3AO
Meðstj.: Bjarni Sverrisson TF3GB
Varam.: Benedikt Guðnason TF3TNT
Varam.: Valtýr Einarsson TF3VG

CQ TF er félagsblað ÍRA og kemur út fimm sinnum á ári. Útgefandi er: Íslenskir Radióamatörar, ÍRA, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. Ritstjóri og ábyrgðarmaður er: Brynjólfur Jónsson TF5BW, Pósthólf 121, 602 Akureyri.

Félagsheimili ÍRA er í félagsmiðstöðinni Þróttheimum, Holtavegi 11, Reykjavík og eru fundir þar á hverju fimmtu-dagskvöldi kl. 20.00.

Símanúmer talhófs ÍRA er 881-2158.

Vefsíða ÍRA er á slóðinni:

<http://www.ira.is> og er þar að finna ýmsar upplýsingar um félagið og amatörradíó

Skammstöfunin "CQ" er notuð í fjarskiptum til að tákna "kall til allra stöðva" og "TF" eru einkennisstafir Íslenskra radióstöðva.

Allir áhugamenn um fjarskipti og radiótækni, sem vilja starfa í samræmi við markmið félagsins geta gerst félagar

Frá ritstjóra

Brynjólfur Jónsson TF5BW



Mér komu í hug, um daginn, samræður úr Bresku skemmtiþáttunum Já Forsætisráðherra, sem sýndir voru í sjónvarpinu fyrir margt löngu, milli ráðuneytisstjórans og ráðherrans, um að leggja niður ýmsar útvarps og sjónvarpsrásir BBC vegna þess að engin horfði né hlustaði á þær. Ráðherra vildi leggja þær niður en

ráðuneytisstjórinn ekki. Ástæðan var sú að þó að enginn notaði þessa þjónustu þá væri mikilvægt að vita að hún væri til staðar. Þetta væri eins og með kirkjuna enginn færi í kirkju en allir vildu þó að hún væri þarna.

Þessar hugrenningar urðu til vegna þess að rétt eina ferðina var ég að umstafla tækjadótinu í sjakknum til að koma fyrir meiri tölvubúnaði á kostnað amatörtækja. Endirinn varð sá að ég hugsaði með mér að þar sem ég nota þessi amatörtæki ekkert þá pakka ég þeim bara inn í skáp og tek þau fram aftur þegar áhuginn vaknar á ný. En eftir að hafa horft á borðið í einar tvær vikur, tækjalaust, þá sá ég að þetta gekk ekki því þó þau væru ekki notuð þá yrðu þau að vera þarna innan seilingar eins og þau hafa verið í um 20 ár. Þannig að enn var umstaflað og plássíð nýtt betur og amatörtækin komin aftur á borðið innan seilingar og mér líður mun betur á eftir.

Í framhaldi af tölvu umræðunni í síðasta blaði þá var mér bent á að inni tölvurnar hjá manni laumuðust allskonar njósnakrár eða auglýsingadót sem maður hefði ekki hugmynd um og að til væri hugbúnaður til að ná þessu út. Mér var bent á forrit frá Lavasoft sem heitir AdAware sem væri ágætt að keyra á tölvuna öðru hvoru til hreinsunar. Ég náði mér í þetta forrit og keyrði það á mína tölvu og viti menn það fann á annað hundrað slíkra á vélinni og hreinsaði þetta út. É er búinn að keyra þetta öðru hvoru síðan og alltaf finnur það eitthvað. Vefslóðin er <http://www.lavasoft.nu>. Þeirra eigin lýsing á hugbúnaðinum er þessi "Ad-aware is a free multi spyware removal utility that scans your memory, registry and hard drives for known spyware and scumware components and lets you remove them safely. It is updated frequently" Það er örugglega til annar hugbúnaður sem gerir svipað gagn en þessi hefur reynst mér ágætlega.

73 deTF5BW

CQ TF febrúar 2003

Frá formanni

Haraldur Þórðarson TF3HP



Ágætu félagar. Gleðilegt nýtt ár og hafið þökk fyrir hið liðna.

Nú er komið að því að skipta um húsnæði og fara úr Þróttheimum og í nýtt (gamalt) húsnæði í eigu Reykjavíkur-

borgar í umsjón ÍTR.

Þetta húsnæði er á gamla athafnasvæði Skeljungs í Skerjafirði og var notað eftir að Reykjavíkurborg eignaðist það sem hús fyrir nýbúa en þeir hafa nú fengið annað og betra (hentugra) hús fyrir sína starfssemi. Það verður að viðurkennast að þetta húsnæði er ekki eins stórt og það sem við höfum núna í Þróttheimum en þar kemur á mótí að annað í húsinu er mjög miklu þægilegra td. kaffiástaða, aðstaða fyrir fundi og kennslu og ætti í flestum tilvikum að nægja okkur ef við tökum mið af þeirri aðsókn sem hefur verið að undanfögnu. Um það bil 10 manns að meðaltali á kvöldi. En því miður er þetta hús á lista borgarinnar yfir þau hús sem á að fjarlægja innan tíðar en þó er það skoðun manna að ekki komi til þess næstu 16 árin. Nokkuð þarf að lagfæra herbergin, taka niður milliveggi og mála. Við megum setja upp loftnetsturn og má hæsti punktur vera í 13 metra hæð yfir jörð og virðist mér það nokkuð ásættanlegt en þessi hæðartakmörkun er vegna nálægðar við flugbrautina. Nokkru austar mætti loftnet fara upp í 20 metra hæð og er kannski ekki svo fjarlæggt að ætla að við getum komið upp loftneti í þessa hæð.

Það er von mín að þessi staður geti komið

CQ TF febrúar 2003

sér vel fyrir okkur og geti orðið til þess að lífga upp á starfið.

Þess skal og getið að nú í fyrsta sinn mun félagið fá styrk frá ÍTR sem nemur þeirri fjárupphæð sem við þurfum að greiða í húsaleigu og ættum við því að vera nokkuð vel settir hvað fjármálin varða en þó verður að geta þess að gjaldkeri hvetur menn til að greiða félagsgjöldin sem fyrst.

Stjórn ÍRA hafa borist nokkrar beiðnir um námskeið til amatörsprófs og enn hafa Radiósátar tekið að sér framkvæmdina. Valtýr TF3VG verður skólastjóri en ekki eru þó allir leiðbeinendur fengnir. Það er von okkar í stjórn ÍRA að þeir sem vilja leiðbeina á þessu námskeiði hafi samband við Valtý sem fyrst.

Það hefur lengi verið von mín að það tækist að gefa út kennsluefni á íslensku fyrir radióamatöra. Vonandi verður ekki langt í að svo verði því fyrir nokkru skoðaði ég frumdrög að slíkri bók eða hefti og verður það notað á komandi námskeiði.

Á IARU ráðstefnunni í Lillehammer fyrir rúmlega þrem árum var sú ákvörðun tekin að styrkir til einstakra félaga verði takmarkaðir við gistingu og uppihald á ráðstefnustað en ekki fengist neitt upp í ferðalög. Þrátt fyrir nokkrar tilraunir okkar gátum við ekki fengið neina til þess að hlaupa undir bagga með okkur og því átti Ísland ekki fulltrúa á IARU ráðstefnunni sl haust. Fundargerð hefur ekki verið birt enn og því er litlar fréttir að hafa

Ég vonast eftir því að sjá ykkur sem flest í nýja félagsheimilinu

73 de TF3HP

Haraldur Þórðarson Formaður ÍRA

Fundargerðir stjórnarfunda

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS



Stjórnarfundur í ÍRA haldinn að Gunnarsbraut 36 þ. 3. des. 2002 kl. 19:00 Allir stjórnarmenn mættir.

Fundurinn hófst með matarveislu í boði

formanns og YL TF3FHT. Gerðu fundarmenn góðan róm að þessum lið og sinnu honum af kostgæfni. Að málsverði loknum var tekið til við dagskrá.

1. Erindi hefur borist frá TF3CW þar sem hann fer fram á að félagið sækji um sérstakt kallmerki til að nota í keppni. Hefur jafnframt tjáð að hann hyggist taka þátt í öllum helstu keppnisviðburðum næsta árs undir merkjum félagsins. Leggur hann til að sótt verði um kallmerkið TF3W. Stjórn samþykkir erindið og jafnframt takast TF3GB og TF3AO á hendur að vera forstöðumenn kallmerkisins fyrir félagsins hönd. Ritara falið að ganga frá umsókn til Pof.

2. Vilyrði er frá Pof fyrir notkun kallmerkisins TF3IMD á alþjóðlega Marconi daginn 26. apríl. Tölvupóstur hefur borist frá M0GRC, ritara Cornish Radio Amateur Club og hefur ÍRA verið samþykkt sem opinber Marconistöð frá Höfða. Ritara falið að vinna að framgangi málsins.

3. Enn eru tafir vegna húsnæðiss við Skeljanes. Er það formsatriði sem strandar á og vilja húsráðendur hafa öll atriði á hreinu, sérstaklega varðandi hæð loftneta vegna nálægðar við flugvöll. TF3AX hefur boðist til að útvega opinbert kort frá Flugmálastjórn sem sýnir glögglega hver hæðarmörk á mannvirkjum eru á hinum ýmsu stöðum í nánd við flugvöllinn.

4. Rætt um pakket og möguleika á að koma

því upp með fastri tengingu þegar félagið er komið í Skerjafjörð. Einnig rætt um notkun á 2m bandinu. TF3TNT tekur að sér að kanna hvaðeina sem skiptir máli í þessum efnum.

Fundi slitið kl. 21:45

Fundargerð ritaði TF3VS

Stjórnarfundur í ÍRA haldinn að Gunnarsbraut 36 þ. 7. jan. 2002 kl. 20:30. Mættir eru TF3HP, TF3AO, TF3VS, TF3GB og TF3VET

Formaður setti fund, bauð gleðilegt ár og þakkaði stjórnarmönnum samstarf liðins árs.

1. Formaður greinir frá því að öll leyfi og formsatriði vegna loftneta við Skeljanes séu nú í höfn og hafi staðarhaldari staðfest það. Flugmálastjórn gerir ekki athugasemdir við loftnet í 13m hæð við húsvegg og upb. 20m frá húsi til austurs má loftnet fara í 20m hæð. Húsaleiga skv. samningi verður um 25þús kr. á mánuði, sem ÍTR mun væntanlega standa straum af að fullu. Vegna anna formanns er ákveðið að TF3AO og TF3VS hitti forstjóra ÍTR og gangi frá öllum formsatriðum svo flytja megi hið fyrsta

2. Rætt um námskeið til amatørprófs. Ekki er vitað hvað Radióskátar hyggjast gera og þarf að kanna hvort hægt sé að sameina kraftana í einu námskeiði. TF3VET er falið að tala við þá sem helst koma til greina að kenna á námskeiði og er nefndur sérstaklega TF3KX.

3. TF3VS lagði til að félagið keypti 25A aflgjafa til nota í félagsstöðinni, ma. til að knýja VHF/UHF stöð(var). Samþykkt einróma.

Fundi slitið kl. 22:00

Fundargerð ritaði TF3VS

QRP-hópverkefni

Niels Kristjánsson TF3NJ/VA6NJ



Sælir félagar og gleðilegt árið.

Þegar klúbbar og aðrir áhugahópar eru annars vegar er alltaf hætta á stöðnun og ef hlutunum er haldið í rígföstum skorðum hættir

mönnum til að verða leiðir og að öllum líkindum missa áhugann á endanum, hvert svo sem áhugamálið er. Til þess að sporna við hugsanlegri þróun í þessa óheilla átt og lífga uppá tilveruna kom upp sú hugmynd innan QRP grúppunnar, sem ég tilheyri, að takast á við verkefni sem allir gætu tekið þátt í og haft gaman að ásamt því að læra eitt og annað í leiðinni. Eftir töluverðar umræður og vangaveltur var ákveðið að smíða ekki "kitt" heldur okkar eigið tæki. Þar sem það er algjör óþarfi að finna upp hjólið á nýjan leik voru menn sammála um að nota hugmyndir og teikningar sem aðrir hafa notað með góðum árangri og kannski betrubæta eitthvað ef tilefni gæfist til. Á þennan hátt er hægt að velja í þá hluti tækisins rásir sem okkur þykir henta best enda er af nógu að taka. Grúppunni hefur nú verið skipt í hópa þar sem hver hópur velur rás og smíðar sinn hluta tækisins, framkvæmir síðan ef með þarf breytingar og stillingar þar til viðunandi árangur hefur náðst. Til þess að halda hlutunum tiltölulega einföldum var ákveðið að smíða QRP CW móttakara/sendi fyrir 20m tíðnisviðið. Flestir, ef ekki allir, í hópnum geta notað CW og eiga einhverskonar 20m lofnet. Með þetta að markmiði, og til að tryggja góða eiginleika, var líka ákveðið að tækið yrði "Superhet".

Grúppan á slatta af 9 MHz kristöllum og lá beinast við að hafa millitíðnina 9 MHz með 500 Hz bandbreidd. Sveiflvakinn (VFO)

verður því á 5 MHz, $9\text{MHz} + 5\text{MHz} = 14\text{MHz}$. Þessu er svo hægt að snúa við til þess að fá spegiltíðnina $9\text{MHz} - 5\text{MHz} = 4\text{MHz}$ og þá eru 80m (75m) komnir. Voila! tveggja banda tæki. Hóparnir eru nú í óða önn að víða að sér teikningum, íhlutum og ýmsum upplýsingum sem til þarf. ARRL handbókin og rit Doug DeMaw heitins koma að góðum notum auk þess sem netið er líka mikið notað.

Til þess að læra sem mest af verkefninu var ákveðið að nota ekki heildaðar rásir (IC) og til að mynda er hljóð magnarinn transistor magnari (Quasi Complimentary Push-Pull). Það er ekki mikinn lærdóm hægt að draga af því að hengja örfáa íhluti við IC rás en eins og áður var sagt er megin tilgangurinn að allir læri af þessu verkefni. Þegar allar einingarnar eru full smíðaðar og virka sem skildi vinna hóparnir saman að því að tengja saman einingarnar útskýra þær fyrir hvorum öðrum og sjá til þess að inngangs og útgangs merki séu af réttum stærðum. Einnig þess þarf að gæta þess að inn og útgangs viðnám séu rétt (aðlögun) bæði raun viðnám og sýndarviðnám (Impedance). Sendihlutinn verður smíðaður síðastur og verður sendi orkan sennilega rétt innan við 5 vöttin. Ekki er laust við að menn séu orðnir spenntir en fyrsta framkvæmdin var að setja upp töflu þar sem teiknaðar verða rásir og stúderaðar ásamt minnis punktum. Þrátt fyrir allt þetta er nauðsynlegt að hafa eitt og eitt kvöld inn á milli þar sem menn sitja á kjaftatörm og drekka kaffi. Ekkert liggur á en við stefnum að því að klára tækið og fara í loftið einhvern tíma í vor. Áhuganum á tómsunda gamninu er haldið við, allir eru ánægðir og læra eitthvað í leiðinni.

Takmarkinu er náð.

73 de Niels Kristjánsson
VA6NJ/TF3NJ

QRP Vi Minore, Plus Gaudium.

Smá /M upplýsingar

Ársæll Óskarsson TF3AO



Ein er sú síða á netinu sem ég kem oft við á til gamans og til að afla mér upplýsinga. Sú síða er www.eham.net

Þar er að finna margar skemmtilegar greinar svo ekki sé minnst á hvað menn hafa skrifað um reynslu sína af hinum og þessum tækjum. Ég hvet alla sem hafa aðgang að netinu og ekki hafa litið við á þessari síðu að gera það við tækifæri.

Nú nýlega rakst ég á grein sem fjallar um upplýsingar um notkun á HF stöð í bíl, og datt mér í hug að setjast niður og þýða þessa grein eftir bestu getu. Vona að þið takið viljann fyrir verkið, og afsakið þar sem ég nota slettur inná milli.

Greinin heitir á frummálinu “A Little Mobile Information” og er höfundur hennar Alan Applegate, K0BG.

“Ég er 62 ára gamall og hef verið /M í rúmlega 30 ár. Ég hef átt eða ekið meira en 20 farartækjum, og ef mér reiknast rétt til þá hef ég lagt að baki u.þ.b. 4 milljónir mílna (ca. 6,5 milljónir km.) Ég hef unnið við ísetningu radiótækja, sölu tækja og hef ég átt 14 mismunandi “transcivera”, sem ég hef notað alla /M fyrir utan eitt tæki. Ég hef smíðað 2 HF bílamagnara, átt 2 aðra “commercial” magnara, og þá hef ég einnig smíðað fleiri bílaloftnet heldur en þú gætir ímyndað þér. Ég er viss um að til er það fólk sem hefur ekið fleiri mílur, einhverjir hafa jú átt fleiri tæki, notað fleiri (mismunandi) loftnet, og þó nokkrir fleiri hafa haft amatör leyfi

lengur en ég. Og jafnvel eru einhverjir ykkar þarna sem að hafa haft samband við fleiri en 299 lönd úr bíl. En, enginn hefur haft jafn gaman af tómtunda-gamninu og ég.

Í gegnum árin, hefur reynslan kennt mér nokkur “brögð”, sem hafa gert /M “óperasjón” skemmtilegri, minna þreytandi, og ekki síst, öruggari. Ég vil því miðla reynslu minni með ykkur lesendum eham.net. Þið megið auðvitað svara eins og ykkur lystir, og lýsa ykkar reynslu, mín ráð eru aðeins leiðbeiningar.

Fyrst af öllu, trúi ég að rétt sé að ganga hreint til verks. Í mínum huga er ekkert til sem heitir “tímabundin uppsetning”, sem þýðir að uppsetningin verður til að árangur verður lélegur auk þess sem skortur verður á öllu öryggi. Þetta gildir bæði fyrir uppsetningu á stöð og loftneti. Meira síðar.

Öryggi er framar öllu, punktur. Stöðin (eða fronturinn) verður að vera í sjónlínu, og gott aðgengi að stillingum. Hún verður að vera staðsett þannig að hún hindri ekki aðgang að stjórnstækjum bifreiðarinnar, nú eða fyrir loftpúðum (airbags). Þá skal aðgæta að snúrur hljóðnema verði heldur ekki fyrir.

Oft er slegið til hendinni þegar komið er að festingum fyrir stöðina. Franskir rennilásar, teygjur, plastheftibönd (strappar) og teppalimbönd eru ekki nægjanlegar festingar.

Hugsið um hið ómögulega sem gæti

gerst, t.d. við árekstur. Í þremur síðustu bílum sem ég hef átt þá hafa verið festingarskrúfur fyrir neðan útvarpið, sem ég gat notað til að festa “frontinn”. Í þínu tilviki þarf þetta ekki að vera svona einfalt, en um að gera að leita sér upp-lysinga.

Rafmagnslögnin er næst mikilvægasti þátturinn. Sígarettukveikjarinn er ónot-hæfur. Alveg sama hvað mikinn straum “transciverinn” dregur, lágmarks sverleiki vírs ætti að vera AWG#6 (ekki alveg með á hreinu hvað þetta er í mm^2 , en 4-6 mm^2 , líklega nægilegt)(s.k.v. uppl. á netinu virðist AWG#6 vera 13 mm^2 , sem mér finnst dálítið vel í lagt ritstj.), og tengt beint í rafgeymi. Þessi tenging hefur meira með truflanir að gera heldur en straumdrátt. Notið öryggi bæði á + og - og eins nálægt rafgeyminum og hægt er. Varist hvassar brúnir, og festið vírana með plastheftiböndum. Mismunandi tengi-stykki eru fánleg hjá þeim sem fást við ísetningu stöðva svo og þeim sem selja vörur til bílarafmagns. Mundu eftir auka-öryggjum og hafðu þau í hanska-hólfinu, ef þú gerir það ekki áttu eftir að bölvla sjálfum þér ef springur öryggi.

Ekki nota ódýrt loftnet. Öll góð, vel smíðuð fjölbönd loftnet munu kosta frá USD 250.- Þú skyldir ekki spara þarna.

Með undantekningu á 10 og 17metrum, er erfitt að koma fyrir fullvöxnu $\frac{1}{4}$ bylgju loftneti, sem þýðir að flest loftnet verða að hafa einhvers konar spólu. Litlar spólur eða “helikal” undnar spólur eru líklega talsvert fyrir augað, en virkni þeirra verður aldrei jöfn á við svokallaðar “Texas Bug Catcher” tegundir.

Stutt loftnet fyrir 40 og 80metra böndin, sem undin eru í spirál hafa varla meira en 2-3 prósent virkni. Bættu við slæmri festingu og staðsetningu og þú telst heppinn að ná ofangreindri virkni. Þú ert nær því að vera með “dummy load” á stöng. Svona loftnet hafa mjög lágt Q, yfirleitt lægra en 50 og allt niður í 10. Flest fjöldaframleidd “skrjúfdræver” loftnet hafa Q á bilinu 100-350 (mismunandi eftir böndum). Undir sérstökum kringumstæðum er hægt að ná Q-inu í 800, en þá eru loftnetin orðið mjög stór og ekki hentug fyrir /M notkun.

Og fyrir alla muni, ekki festa loftnetið við bílinn með einhverri lélegri festingu, svo sem við skráningarnúmerið, skott-lokið, með segulfæti, eða stuðara-festingu. Það eru engar afsakanir sem þú getur gefið mér fyrir að bora ekki og festa vel annaðhvort fyrir kúlufestingu eða tilbúna plötu. Annaðhvort eru /M í alvöru eða alls ekki. Ef þú færð ekki af þér að bora göt í fina bílinn þinn, þá ættirðu að reyna að eignast bók Don Johnsson “Mobileering” eða þá “ARRL Antenna Compendium” Volume 7 sem fjallar um breytilegar loftnetsfestingar (p.s. nokkur sem á þessar bækur (áo)). En mundu.....

Því nær jörðu sem þú kemur loftnetinu þínu fyrir, því meira tap. T.d. , 9 feta loftnet (2,7 metrar) fyrir 80metrana sem er fest við dráttarbeislið hefur jarðtap u.þ.b. 10 ohm. Sama loftnet fest á skott-lok er hefur tap uppá um 8 ohm. Sett uppá þak, þá er tapið um 4ohm. Alveg sama hvar þú festir loftnetið, þá ætti spólan að vera 18 tommum (ca. 50cm) hærri en næsti járnhlutur bifreiðarinnar.

Nýleg viðbót við “vopnabúr” amatöranna er sjálfvirkur loftnets tjúner. Fjöldi amatöra hafa forðast að koma nálægt slíkum tækjum, þar sem þeim hefur verið sagt að þeir virki ekki nógu vel. Þeir eru það ekki og þeir eru ekki ódýrir, en þeir eru þægilegir. Þrátt fyrir að það sé satt að botn-lódaðar vippur (base loaded whips) séu ekki eins virk eins og mið-lódaðar (center-loaded) resónant vippur, eru í sumum tilfellum heildartöpin minni. Ég nota einn slíkan “auto tuner” við 20metra resónant loftnet, sem ég nota svo til að tjúna á öðrum böndum. Staðreyndin er sú að á 40metrunum fæ ég betra “report”, heldur en á loftneti sem er resónant á 40metrum. Og það besta er að ég get skipt um tíðni á nokkrum sekúndum. Ef þú ert oft að skipta um bönd, er þetta líklega vænlegasti kosturinn. Forðastu samt að reyna að notast við helíkal loftnet við svona tjúner.

Truflanir eru sá hluti /M greinarinnarinnar sem flestir líta framhjá. Fyrir u.þ.b. 50 USD og nokkra klukkutíma á bílastöðin þín að geta verið jafn truflana-lítill og heimastöðin þín. Þeir hjá Palomar Engineers, RF Parts eða Amidon eru með fjölbreytt úrval af “klippon” ferrít kjörnum. Ekki virka þó allir slíkir eins. Mix 43 er best fyrir HF, en “cutoff” tíðni þar er 1MHz. Á 15MHz eykst tapið í um 100 ohm, sem er merkjanlegt ef að tengingin sem þetta er tengt við er nálægt 0 ohmum. Núna ættirðu að skilja af hverju það er svona mikilvægt að nota nógu sveran vír til að fæða stöðina.

Á þessa staði er rétt að prófa að setja ferrítana. Við rafgeyminn, bæði á plús og mínus. Utanum kertapræði eins nálægt háspennugjafa og hægt er. Utanum víra

sem tengjast rafmagnsbensíndælu. Víra fyrir miðstöð og e.t.v. víra fyrir þurrku-mótor. Að nota “noise blankerinn” í stöðinni veldur fleiri vandamálum heldur en hann lækna. Ef þú hefur einhvern tíma þurft að nota hann, hefur þú lítið gert til að koma í veg fyrir truflanir í bílnum þínum. Ekki eru til truflanir í einkabílnum mínum, nema ef ég gef honum vel inn, þá rétt aðeins heyranlegar. Billinn þinn á að geta verið svona líka, en að kaupa sér díselbíl er ekki lækning við vandamálinu, sumir geta verið meira vandamál en bensín-bílar.

Þegar þú framkvæmir allt þetta sem talið hefur verið upp, ekki gleyma að fara varlega og ganga vel frá öllu svo sem tengingum o.s.frv.

Þýtt og endursagt með leyfi höfundar, TF3AO

Talsvert er um “komment” við grein Alans og bendi ég aftur á www.eham.net, hafi menn áhuga á frekari lestri.

Þess má geta að eftirfarandi las ég um Alan, skrifað af honum sjálfum:

“Það fyndnasta sem hefur komið fyrir mig í loftinu: Ég varð þess valdandi að það kviknaði í CB stöð í bíl sem var lagt við hlið míns bíl á bílastæði. Ég var með 14 feta (4,2 metra) langt loftnet fyrir 20metrana og með 1KW úti netið.”

Með þökk fyrir lesturinn.
73 de TF3AO

Það var gaman í den tíð frh.

Stefán Þórhallsson TF3S



Hér er mynd af útgangsrásinni. (fig1)

Þar sést að hún er í raun pushpull rás, en ef athugað er betur er

L1 í raun skammtengd, en C1 og C2 verða samhliða yfir L2 og tuna L2 yfir 7 og 3.5. Síðar eru settir linkar á L1 og L2 og skift yfir með relay. (sjá fig.3)

Fig2

Hérna með kemur kassamynd af sendinum. 1. stigið er clapp vfo, EF80 er buffer, sem er lykilaður, síðan kemur bandpass filter á 3.5. Þar á eftir er magnari, einnig á áttatíu með bandpass síu. Þá kemur B4 lampi. Ég gerði margar tilraunir þarna og að lokum varð ofan á lampi, sem hét EF50 og var hann notaður í allar rásirnar fyrir rest.

B4 var yfirsveiflu magnari en beinn á 3.5 Hann gaf fint drive fyrir útganginn alveg upp á 28 meg. Vandræðin voru samt með 21 meg. Það leysti hönnuðurinn með C19 cuplingu í bandpasssiunni T2. Það var dálítið snúið að stilla þessa síu í byrjun, en það reddaðist all í lokin

Fig3

Á þessari heildar teikningu sjást mælirásir, sem hjálpuðu til. Þetta lítur ekki út fyrir að vera mjög flókið




Fig. 1.

chokin merkt L2. Ef grindurnar eru keyrðar í push pull þá er hægt að tuna L1 fyrir 28 til 14meg. með einum þétti. þetta dugar ekki til að ná 7 og 3.5 þá kemur L2 inn í dæmið. Séu grindurnar nú keyrðar samhliða með 7 og 3.5 merki, þá er




Fig. 2.




Fig. 3.




Fig.5.


nú til dags, en hönnun á sendum fram að þessi var að mestu leiti frá USA og úr Handbókinni með lömpum sem voru þekktir. Ég vil vekja athygli á rás í kringum B8 til að losna við grindar supply var notuð svokölluð Clamp rás, sem hafði þann eiginleika að auðvelt var að móta með AM þennan lampa. Keli TF3RD byrjaði með þessa mótun, en hann hafði upplýsingar um þetta að ég held úr QST. Ég fékk teikningu

hjá honum og funkeraði þetta fínt.

Fig5

Er svo mynd af yfirsveiflu magnaranum.

73 de TF3S



Í jarðsambandi

Stefán Þórhallsson TF3S

Ég er með vertical loftnet úti á Spáni og til að bæta jarðsambandið og losna við mikið vírafarg ákvað ég að útbúa jarðvíra úr 300 Ohm TV feeder opnum. Hann fékk ég hvergi á Spáni. Þegar ég kom heim leitaði ég allstaðar án árangurs. Ég hringdi því í vin minn, sem er amatör. Hann átti einhverja búta, en ég þurfti 4x9 metra. Viku seinna fékk ég stórt bréf í pósti og þóttist ég vita að kapalinn væri þar kominn. Ég er með Pósthólf í gamla pósthúsinu í miðbænum. Ég stakk bréfinu í úlpuna og gekk yfir í bókabúð Eymundsson hinu megin við götuna. Um leið og ég gekk inn fór allt þjófavarnarkerfið í gang, starfsfólk dreif að og allir kunnar litu upp til að virða fyrir sér krimmann. Bréfið var rífið af mér, en ég sagðist hafa verið að koma inn svo ég væri ekki búin að stela neinu ennþá. Það hafði ekkert að segja og var farið með bréfið í eitthvað tæki. Síðan fékk ég bréfið, en þúkinn kom upp í mér, ég þóttist nú vita að feederinn, sem var undin upp í hönk hafði sett öryggiskerfið í gang. Þegar ég var búinn að skoða blöðin í búðinni labbaði ég út með feederinn minn, en þá byrjaði ballið aftur. Kom nú starfsfólk aftur, en nú var ég að koma út og all grunsamlegur. Ég reyndi að útskýra mitt mál. Bréfið sett aftur í tækið góða og var mér sagt að nú væri allt í lagi. Gekk ég aftur út með spaugilegt bros á vörum og en glumdi þjófapípið við bakið á mér um leið og ég hvarf út í sortann.

73 deTF3S

Í þá gömlu góðu

Birgir Baldursson TF3BB/OZ1LVD

Það var um páska 1955 að Sveinn kom heim í páskafrí frá námi í Þýskalandi. Sveinn átti þá heima á Bárugötunni, í kjallara hjá foreldrum sínum. Sveinn var radióamatör og hafði smíðað sé græjur, Colpit oscillator eða eitthvað slíkt. Nú var gott í efni, langt frí framundan og páska frí hjá mínum og CW-WWC keppnina átti að halda yfir páskana.

Árið áður höfðu Rússar fest kaup á Garðarsstræti 33 og nokkrum húsum við Túngötuna í Reykjavík fyrir sendiráðs-starfsmenn sína.

Á þessum tíma (1955) var kaldastríðið að ná hámarki.

Nú hóf Sveinn útsendingar sínar á morsi. Hann var með annað hvort GP loftnet eða langan vír. Nú tók fólk í nágrenninu að heyra mors í viðtækjum sínum og þótti það undarlegt. Athyglin beindist strax að Rússunum því þeir voru jú ný fluttir inn og gat þetta eins verið útsending frá þessu njósnahreidi þeirra til Moskvu.

Var nú kallað á lögreglu og fróða menn sem settu upp aðstöðu efst í turni Landa-kotskirkju og himdi liðið þar skírdag, föstudaginn langa og páskadag án þess að geta lesið morsið sem var sent. Það var bara óskiljanlegt og þetta hlaut að vera rússneskur kódi sem þeir sendu.

Framhald á síðu 14

Bakþankar við bakþanka

Brynjólfur Jónsson TF5BW



Sæll Benni og gleðilegt ár og takk fyrir síðast.

Ég las með nokkrum áhuga bakþanka grein þína í síðasta blaði og þótti ánægjulegt að lesa að það væri nægur áhugi hjá almenningi fyrir því að gerast radióamatörar og sá fram á hjartari tíð með

blóm í haga fyrir áhugamálið.

En sú ánægjan entist ekki lengi því um leið og minnst er á að eitthvað smávegis þurfi að leggja á sig til að gerast radióamatör þá hverfur áhuginn, blómin í haganum og hjarta tíðin eins og dögg fyrir sólu. Sem sagt að þegar það kemur í ljós að ef ekki er hægt að fara í Bónus og kaupa leyfi fyrir hundraðkall, með 30% afslætti við kassann, þá er engin áhugi hjá almenningi lengur fyrir þessu áhugamáli.

Jónas, Vala og Konni, sem þú minnst á í þinni grein, eiga heiður skilið fyrir allan þann tíma sem þessir aðilar hafa eitt í kynningu, námskeið og fleira fyrir amatörradíó en eftir að hafa heyrt svör eins og “til hvers að fara í eitthvert rafmagnsfræðipróf til að geta ýtt á tvo takka” læðist að mér sá grunur að eitthvað sé skrítið við kynninguna. Allavega er það morgunklárt í mínum huga að amatörradíó er eitthvað annað en að ýta á tvo takka og amatörradíó snýst ekki bara um notkun VHF/UHF talstöðva.

Þessi hugmynd Dananna um “auðvelt” VHF/UHF leyfi er að ýmsu leiti áhugaverð og væri óvitlaust að kanna hver reynsla þeirra af þessu hefur verið og fá upplýsingar um hversu margir hafi fengið þetta leyfi, hversu margir hafi farið í próf eftir að leyfistíma líkur, hvað gildir þetta leyfi lengi, hvernig eru prófin og fleira í þeim dúr. Ég legg því til að þú takir þetta mál að þér, kannir það ofaní kjölinn, og leggir síðan fram tillögu um málið ásamt plönnum um framkvæmd, til frekari umræðu t.d. á næsta aðalfundi sem verður seinni-

partinn í maí.

Hitt er annað mál að mér finnst það skrítið að ef það gengur svo erfiðlega að fá tíðnir og þar sem kostnaður við uppbyggingu endurvarpakerfa hlýtur að vera umtalsverður hvernig stendur þá á því að menn leita ekki samstarfs hver við annan. Ég man ekki til þess að hafa heyrt þess getið að vélsleða- jeppagöngu- húsbíla- eða veiðimenn séu í samstarfi um þessi mál. Hvað kom til dæmis út úr kynningarfundum ÍRA með 4X4 klúbbnum?

Það skildi þó aldrei vera að áhugaleysi þeirra væri vegna þess að leyfið fæst ekki í Bónus.

Mér finnst ég ekki hafa enn þá fengið vitræna skýringu á því hvað það sé sem gerir það svona óskaplega hryllilegt að þurfa að læra smávegis í rafmagns- og radiófræðum ásamt morsi til að öðlast radióamatörleyfi. Ef ástæðan er sú að allir þeir sem hafa “áhuga á þessu” nenna ekki að eyða smá tíma og peningum í að afla sér þess leyfis sem þarf þá vil ég meina að “áhuginn” sé ekki til staðar og áhugamálið betur komið án þeirra “áhugasömu”. Ef þú vilt aka bíl þarftu til þess leyfi. Þú eyðir tugum þúsunda króna og töluguverðum tíma til að öðlast réttindin og finnst fæstum mikið. Þú þarft ekki að gera þetta þú getur komist af án þess. Hversvegna ertu þá að því? Ef þú vilt spila golf þá ferðu á golfvöllinn og lærir að spila. Ef þú hefur raunverulegan áhuga fyrir að nýta þér þá möguleika sem amatörradíó býður uppá þá einfaldlega aflarðu þér þeirra réttinda sem þarf til og ég efast um að það taki lengri tíma en að læra á bíl.

En það sem mér finnst öllu verra er að það virðist ekki vera áhugi fyrir þessu meðal félagsmanna ÍRA en ég átti satt að segja von á því að einhver annar en ég mundi senda blaðinu svar við þessari grein en það er ekki öll nótt úti enn og síður blaðsins sanda ykkur opnar til umræðu um þetta mál sem og annað sem ykkur liggur á hjarta.

73 de TF5BW.

14.330 MHz

Sigfús Jónsson TF5SJ/LA0BX



Á undanförnum mánuðum hef ég orðið var við þann misskilning að á 14,330 MHz gildi einhverjar sér reglur um samskipti manna. Það er því við hæfi að rifja upp sögu þeirra mannamóta sem þar fara fram klukkan 12:00 UTC á laugardögum og sunnudögum. Það er álitamál hvar byrja skal. Sumir byrja allar frásagnir með efni frá forngríkkjum en ég ætla að láta nægja að fara til ársins 1983 (e.k.). Þeir frændur Gulli (TF3GN) og Siggi (GM5ECO, GM/TF3SI, G4/TF3SI) voru vanir að ræða saman um helgar kl. 12:00 UTC á 14,300 Mhz ± QRM. Í október sama ár fór ég að blanda mér í umræður þeirra og fjölgaði reyndar fljótt á tíðninni. Ég hef skoðað gamlar dagbækur og fer hér á eftir skrá sem

sýnir hvaða ár ég varð fyrst var við hina ýmsu notendur.

1984: TF3JX (TF1JX), TF5GW (TF3GW), TF3OF, N1TF, TF3BV, TF5TP, LA8GQ, TF5BW, TF5EP/1. 1985: TF3FG, TF3ON, TF3TG. 1986: LA7EDA, TF5JAM. 1988: TF3IRA, TF3SA, GM3WFJ, TF6JZ. 1989: GM3TNT, OZ9SI, OY9JD, SM6CPI/PA, TF3SV, OY3CC (TF3CC, TF3CC/OX, OZ1KGP, OX3CC), TF3TF, OY3QN, TF3T, OZ1LVD (TF3B), LA9HS. 1990: OZ1ABZ (OY2Z), TF3DX, G0IAW.

Oft var þétt setið í kringum 14,300 MHz og var rætt um að finna aðra og betri tíðni. Þann 16 desember 1990 voru 9 mættir á tíðninni og var þá samþykkt að flytja yfir á tíðnisviðið 14,320 - 14,340 MHz. Þar er 14,330 MHz miðsvæðis og á þeirri tíðni voru málin rædd þann 23 desember 1990 og æ síðan allt til þessa dags (±QRM). Margir hafa horfið úr hópnum en sem betur fer bætast nýir við. 1992: TF3UA. 1993: TF3GC, TF3GB, SM5BFJ, LA2AB, LA0GW, TF3BM. 1994: TF3EJ. 1995: TF3HP. 1996: TF3AX (TF2AX),

TF1SS. 1997: TF3LA, TF8SM, TF3FK, OY1G. 1998: TF5DZ, TF8GX, TF3BX, TF3RB, LA6IM/TF, TF3JAM, LA8RU. 1999: TF1MM, TF3AO, TF5S (TF3S, EA5/TF3S), TF3BIS, TF4VD, OZ1YW, TF8RX. 2001: TF3MA, TF3VG. 2002: TF3EE, TF3WO, TF4FT, TF3AS. Kallmerkin hef ég fundið í mínum dagbókum og vel má vera að margir hafi mætt fyrir en hér er skráð og að aðrir séu óskráðir.



Suma hef ég bara heyrt einu sinni en aðrir eru fastagestir. Erlend kallmerki hef ég bara tekið með ef þau eru skráð meira en einu sinni á umræddri tíðni og tíma. Samkomur þessar hafa gengið undir ýmsum nöfnum. NITF notaði heitið "saumaklúbburinn" og heyrst hefur "helgaklúbburinn". Í mál gagni ÍRA "CQ-TF fréttabréf" frá júlí 1991 er smá grein með fyrirsögninni "Útanlands" og segir þar orðrétt "Útlendinganetið á 14.230 kl.14.00 á laugardögum". Svo mörg voru þau orð. SSB net í gangi á kalltíðni SSTV manna! Skrifaði ég ritstjóranum bréf og lét í ljós efasemdir mínar um sannleiksgildi fréttarinnar. Í maí 1992 kemur svo nýtt fréttabréf og er klausan frá árinu áður endurtekin nema hvað fyrirsögnin er orðin "Útanlands". Einhver þrái hljóp í mig svo ég skrifað stjórn ÍRA og lét enn í ljós efasemdir mínar. Á þessum árum tókst mér aldrei að fá svar við bréfum til ÍRA eða trúnaðarmanna félagsins en viti menn í júlí 1992 er fréttin orðin: "Útlendinganetið á 14.330 kl.12.00 á laugardögum og sunnudögum". Í dag er netið kynnt á heimasíðu ÍRA á eftirfarandi hátt: "Icelandic net every weekend on 14.330 MHz at 12:00 UTC". Já svona standa málin - saumaklúbbur, helgaklúbbur, útlendinganet, Icelandic net - litlu máli skiptir hvað við köllum þetta fyrirbæri. Allir hafa alltaf verið velkomnir og mátt tala við hvern sem er, um hvað sem er innan þeirra marka sem amatörþjónustan setur. Vona ég að svo megi verða um ókomin ár.

73 de LA0BX Sigfús

Í þá gömlu góðu frh.

Á meðan hélt Sveinn ótrauður áfram útsendingum sínum og fannst sér vegna vel í keppninni því nóg var af merkjum. Á páskadag var kallað á Jón Eiríksson, sem var hjá Radióeftirliti Símans (Jón var kunnugur flestum starfandi radióamatörum á Íslandi). Jón þótti góður mors maður enda hafði hann verið til sjós lengi sem loftskeytamaður. Eftir að Jón hafði hlustað á þessar dulmáls-sendingar um stund sagði hann "Þetta er ekkert dulmál drengir" þegar hann sleppir lyklinum þá kemur óvænt bakslagslykils samband strax og það er það sem ruglar ykkur.

Jón fann strax út að það var TF3SG sem var í QSO'um í CW WAC keppni og fóru menn þá strax heim á Bárugötu til að athuga málið. Sveinninn ungi varð heldur rjóður í framan þegar radió-yfirvöld og löggæslumenn börðu að dyrum og ekki þýddi að neita því lamparnir voru brennheitir í sendinum.

73 de TF3BB

**Gjaldkeri
minnir
á
félagsgjöldin**

Úr ýmsum áttum

Brynjólfur Jónsson TF5BW

500 kHz

Í NZ amatörblaði um daginn var tillaga frá ZL1DD þar sem hann stingur upp á að 500 kHz verði gert að amatörbandi þar sem tíðnisviðið er ekki lengur notað af strandarstöðvum.

Heimild TF3MM

Alpha Delta Communications

PathMINDER 6 postion digital coax switch. Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni þeirra.

<http://www.alphadeltacom.com/>

Heimild QST

Kangaroo Tabor Software

WinCAP Wizard 3 - HF propagation prediction for the 21st century. Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni þeirra.

<http://www.taborsoft.com>

Heimild QST

IARU Region 1

Á IARU Region 1 ráðstefnunni í San Marino í nóvember 2002 var Ole Garpestad LA2RR kosinn formaður Region 1.

Ole er Íslenskum radióamatörum af góðu kunnur en hann var formaður Norska amatörfélagsins NRRL og kom meðal annars til landsins á NARU ráðstefnuna í Borgarnesi í fyrra.

Heimild RadCom

QSL kort.

Nú er í gangi söfnun þátttakenda að QSL kortaprentun. Reynt er að stilla öllum kostnaði í hóf og er hæpið að menn geti fengið ódýrari kort. Kortin verða í lit, sem fyrr og geta menn fengið aðstoð við hönnun og fyrirkomulag.

CQ TF febrúar 2003

TF3VS hefur umsjón með fyrirtækinu og geta lysthafendur leitað til hans: tf3vs@qsl.net eða í síma 564 1292.

AMATÖRNÁMSKEIÐ

Ljóst er að haldið verður námskeið til amatörprófs í vetur. Radióskátar sjá um framkvæmdina. Ekki er enn fastákveðið hvar námskeiðið verður en .ætlað er að námskeiðið hefjist 29 jan. 2003. Áhugasamir hafi samband við Sveinbjörn TF3VET radio@li.is eða Valtý TF3VD tf3vd@amsat.org

Til sölu

- 1 stk Yaesu VX5-R VHF/UHF handstöð
- 1 stk hlífðartaska úr leðri
- 1 stk auka rafhlaða
- 1 stk hleðslutæki NC-72C
- 1 stk hraðhleðsla CD-15
- 1 stk mikrafónn MH-34
- 1 stk heyrnartæki í eyra með mikrafón.
- 1 stk operating manual
- 1 stk service manual

Á stöðinni er gott VHF loftnet en orginal loftnetið er í kassa frá því að ég flutti í haust þarf að nálgast það ef með þarf. Hef hugsað mér að fá 30.000 kr. fyrir pakkann staðgreiddan sem ég held að sé ekki ósanngjarnt en fer ekki niður fyrir 25.000 kr.

Þór Þórisson TF3GW

GSM sími 864-0925

Tölvupóstur tf3gw@simnet.is

Nýtt húsnæði ÍRA



ÍRA hefur fengið nýtt húsnæði.

Íþrótt og tómstundaráð Reykjavíkur hefur úthlutað ÍRA aðstöðu í húsi sínu við Skeljanes í Reykjavík. Þar var haldinn kynningarfundur fimmtudaginn 17 janúar 2003 og er það mál manna að þetta sé besta aðstaða sem félagið hefur haft síðan við vorum í Dugguvogi. Leiðin í Skeljanes liggur fram hjá flugvellinum og QTHi TF3FK aðeins þarf að passa sig á að stoppa áður en keyrt er í sjóinn. Innganga er um dyr á miðju húsinu en herbergi ÍRA er í kvistinum sem sést á minni myndinni og þar fyrir framan er gert ráð fyrir að loftnetsturninn verði. Húsnæðið verður vonandi tekið í notkun fljótlega. Meira í næsta blaði.